



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 13. október 2025, fundur hófst kl 18:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru:, Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir (Teams), Davíð Áskelsson, Sigrún Valþórsdóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Haraldur Pétursson, Þórdís Anna Gylfadóttir

Fjarverandi: Lárus Sindri Lárusson,

1. Sprettskórinn

Jónína, Sigrún og Haraldur hittu forsvarmenn Sprettskórsins á fundi kl. 19 í kvöld. Það er mikill hugur í kórnum og ýmislegt á dagskránni í vetur. Ma. var rætt um samnýtingu á vefsiðu, þátttöku kórsins á viðburðum hjá Spretti og ýmislegt fleira. Þeir ætla að auglýsa eftir fleiri félögum, það er alltaf pláss fyrir fleiri söngmenn.

2. Fundur um keppnismál

Fundur hjá Sörla um mótamál á höfuðborgarsvæðinu. Fulltrúar Spretts á fundinum verða Þórdís og Sigurbjörn.

3. Októberfest

Atburðurinn tókst mjög vel, líklega um 50 manns sem mættu og skemmtu sér vel.

4. Tryggingamál Spretts, yfirfara tryggingar og fá tilboð

Davíð tekur þetta að sér, Jónína sendir beiðni á VÍS með ósk um tryggingaryfirlit svo hægt sé að meta núverandi stöðu.

5. Eldvarnareftirlit – næstu skref

Katla sótti um frest og fékkst frestur til áramóta.

6. LM 2026 - pláss fyrir unga Spretta

Þórdís heyrir stöðuna hjá Kötlu og tekur svo málið áfram ásamt Sigurbirni.

7. Heyrúlluplanið

Farið yfir stöðuna, ákveðið að halda óbreyttu ástandi á komandi vetri.

8. Hljóðkerfi – láta yfirfara

Það þarf að ganga í að laga hljóðkerfið í Samskipahöllinni.

9. Önnur mál

Reiðvegnanefnd átti fund með fulltrúum Garðabæjar þar sem ma. var rætt um ljós á reiðvegum innan hverfisins og laga holur á nýja svæðinu. Einnig að skoða þarf bröttu brekkuna á nýja reiðveginum frá Grunnuvatnaleið yfir á Heiðmerkurveg, hún er full brött. Rætt um ýmis verkefni sem þyrfti að fara í sem fyrst eins og að laga vökvunarkerfið, hurðarljósín í Samskipahöllinni, yfirfara perur í Samskipahöllinni. Þarf að laga ljósaastýringu í Húsasmiðjuhöllinni, stilla hitann þar og fara í að laga loftræstinguna þar sem fyrst. Davíð ræðir þessi mál við Bjössa. Auglýsa lokun á viðrunarhölfum frá og með 30 október. Opnunartími var framlengdur vegna góðrar sprettu síðsumars.

Ákveðið að senda út tilkynningu um að Sprettsfélagar sem eiga ógreidd félagsgjöld 1 nóv. verða teknir af félagaskrá og geta þal. ekki fengið úthlutað viðrunarhólfi né reiðhallykli.

Ákveðið var að færa stjórnarfundina yfir á mánudaga kl. 20-21:30 aðra hvora viku.

Farið fyrir ýmis mál sem Þórdís er með í vinnslu eins og samantekt á stigagjöf knapa Spretts, auglýsing eftir reiðkennurum sem eru til í að koma að kenna hjá Spretti, uppskeruhátíð unga fólksins í Spretti ofl.

Formannafundur verður haldin 8 nóv. Jónína ætlar að koma með tillögu með virkjun sjálfboðaliða.

Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson